



FFSÍ

FARMANNA- OG FISKIMANNASAMBAND ÍSLANDS

Borgartúni 18 - 105 Reykjavík - Sími 562 9933 - Fax 562 9934

Nefndasvið Alþingis,
Sjávarútvegsnefnd,
Austurstræti 8-10,
105 Reykjavík.

Alþingi
Erindi nr. P 127/1395
komudagur 21.3.2002

Efni: Umsögn um stjórn fiskveiða, 562.mál.

FFSÍ vitnar í samþykktir þings samtakanna og telur að frumvarpið sé fjarri því að leiða til nokkurra sáttu varðandi stjórnun fiskveiða. Sambandið ítrekar andstöðu við veiðileyfagjald og aukna aflahlutdeild. Að auki vilja samtökin varpa fram þeirri spurningu hvort fyrirhuguð breyting um aukna hlutdeild einstakra fyrirtækja standist samkeppnislög. Í öllu falli er ljóst að 50 % aflahlutdeild eins fyrirtækis í ákveðinni fisktegund hefur í för með sér óeðlilega sterka samkeppnisstöðu sem síður en svo þarf að leiða af sér hámarksverðmætasköpun fyrir þjóðarbúið. Sú staða sem frumvarpið hefði í för með sér gæti leitt til þess að tvö stór fyrirtæki réðu öllum kvóta í ákveðinni fisktegund. Þannig framtíðarsýn er ekki gæfuleg ef leitað er leiða til þjóðarsáttar.

Virðingarfyllst,
F.h.Farmanna og Fiskimannasambands Íslands

Árni Bjarnason, forseti.